



9. fundar stjórnar SSA 23. júní 2016.

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar, Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Eydís Ásbjörnsdóttir og Jakob Sigurðsson. Andrés Skúlason sat fundinn í gegnum síma.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 8. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis og frá 5. fundi framkvæmdaráðs SSA.
2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og frá sumarfundi landshlutasamtakanna. Lagt fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur.
 - a) Fundargerð og ársskýrsla frá HAUST – Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Lagt fram til kynningar.
 - b) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaáætlun 2017-2021. Lagt fram til kynningar.
 - c) Sameiginleg áskorun landshlutasamtakanna um ljósvæðingu Íslands. ***Stjórn SSA leggur á það ríka áherslu að reglur um úthlutun fjár til ljósleiðaravæðingar liggja fyrir í lok sumars, þær séu skýrar og taki tillit til mismunandi aðstöðu byggðalaga út um land. Þá áréttar stjórn SSA þá skoðun sína að ljósleiðaravæðing Íslands sé jafn nauðsynleg og aðrir innviðir samfélagsins, s.s. samgöngur, heilbrigðisþjónusta og löggæsla. Verkefnið um ljósleiðaravæðingu er á höndum hins opinbera og í anda núgildandi laga. Því er brýnt að tryggja aukið fjármagn til ljósleiðaravæðingar í takt við umfang verkefnisins.***
 - d) Óskir um umsagnir. Verkefnisstjóra falið að skoða gerð umsagnar um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.
 - e) Hækkun fasteignamats. Lagt fram til kynningar.

2. Almenningsamgöngur

1. Staðan í Sternumáli. SB fór yfir atburðarás síðastliðinna vikna.
2. Ábyrgð sveitarfélaga á verkefnum landshlutasamtakanna – Minnisblað frá lögfræðisviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
3. Þróunarstyrkir vegagerðarinnar – samningar við Djúpavogshrepp og Fljótdalshérað. Lagt fram til kynningar.

3. Samningur um sóknaráætlun

1. Hæfi til setu í fagraðum og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands – Minnisblað frá lögfræðisviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formanni stjórnar falið að fara yfir málið með núverandi formanni úthlutunarstjórnar.
2. Greiðslubeiðni og fjárhagsáætlanir verkefna. Lagt fram til kynningar.
3. Áfangastaðurinn Austurland – kynning. Gestur: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar. JÁÞ kynnti nýja afurð verkefnisins, svokallað auðkennisverkfæratösku (e. *identity tool box*). Þar er bæði að finna vörumerki og heiti sem verður *Austurland*. Setningar sem tengjast auðkenninu eru t.d. *think outside the circle**, *may the forest be with you**, *step into the northern light**. Markmiðið er einnig að gæta þess að ekki þurfi að endurhanna allt sem sveitarfélögin hafa þegar gert, heldur sé með einföldum hætti hægt að bæta vörumerkinu og auðkenninu við. Stefnt er að sameiginlegum fundum með öllum ferðamálafulltrúum fyrir sumarleyfi en síðan verði boðið upp á vinnusmiðjur með haustinu. Brýnt að sveitarfélög og fyrirtæki taki verkefnið upp á sína arma og innleiði auðkennið. Þá er stefnt að því að þessi vinna verði kynnt á málstofu um svæðisskipulag á aðalfundi í október nk.
4. Tillaga frá starfshópi um svæðisskipulag Austurlands. Lagt fram til kynningar.

4. Önnur mál.

1. Erindi frá stjórnarformanni Tóar. ***Stjórn SSA samþykkir fyrir hönd Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands tillögu stjórnarformannsins um að afsala hlutabréfaeign sinni í félaginu til Sigfúsar Vilhjálmssonar á Brekku í Mjóafirði, án endurgjalds.***

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 18. – 19. ágúst á Borgarfirði. Fundi slitið kl. 14.45.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Jakob Sigurðsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Andrés Skúlason

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson

